

BS ritgerð í viðskiptafræði

Tengdir aðilar í ársreikningum

Þróstur Jónsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Bjarni Frímann Karlsson, lektor
Júní 2011

Leiðbeinandi: Bjarni Frímann Karlsson

Nemandi: Þröstur Jónsson

Kennitala: 160270-4979

Útdráttur

Ritgerðin fjallar um þær kröfur sem gerðar eru til skýringa með ársreikningi sem fjalla um tengda aðila og viðskipti við þá. Skoðuð verða þau lög, reglur og staðlar sem gilda um efnið. Tilgangurinn með ritgerðinni er að skoða eðli, umfang og tilgang skýringanna, kröfur sem gerðar eru um þær og ekki síst hvernig íslensk félög geta um tengda aðila í skýringum með ársreikningum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Almennt um tengda aðila í skýringum með ársreikningum	8
3	Lög og reglur um tengda aðila.....	10
3.1	Ársreikningalögin.....	10
3.2	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	11
3.3	IFRS nálgun á tengda aðila.	13
3.3.1	IAS 24.....	13
3.3.2	Helstu breytingar á IAS 24	17
3.4	Aðrir reikningsskilastaðlar um tengda aðila.	20
3.5	Reglur Kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi	20
4	Endurskoðun og tengdir aðilar	21
5	Samantekt um regluverkið.....	23
6	Ársreikningar íslenskra félaga	24
6.1	Arion banki ársreikningur 2010	24
6.1.1	Móður og dótturfélög.....	24
6.1.2	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samvinnuverkefnum.	24
6.1.3	Greiðslur til lykilstjórnenda.....	25
6.1.4	Viðskipti við tengda aðila.....	25
6.2	Marel hf. ársreikningur 2010	26
6.2.1	Móður og dótturfélög.....	26
6.2.2	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samvinnuverkefnum	26
6.2.3	Greiðslur til lykilstjórnenda.....	26
6.2.4	Viðskipti við tengda aðila.....	26
6.3	Kaupþing banki 2007	27
7	Niðurstöður.....	28
8	Heimildaskrá	30

Myndayfirlit

Mynd 1. Ársreikningur félags A.....	17
Mynd 2. Ársreikningur félags B.....	17
Mynd 3. Ársreikningur félags A.....	18
Mynd 4. Ársreikningur félags B.....	18
Mynd 5. Ársreikningur félags A.....	18
Mynd 6. Ársreikningur félags B.....	18
Mynd 7. Ársreikningur félaga A og B.....	19
Mynd 8. Ársreikningur félaga A og B.....	19

1 Inngangur

Í kjölfar falls íslensku bankanna á haustdögum 2008 hefur mikil umræða átt sér stað um orsakir fallsins. Í því sambandi hafa heyrst fullyrðingar eins og að bankarnir hafi verið rændir innan frá. Þar er vísað til þess að stærstu eigendur hafi notfært sér aðstöðu sína og látið bankana veita sér og félögum sínum óeðlilega mikla lánafyrirgreiðslu. Einnig að þeir hafi jafnvel notað flókið net eignarhaldsfélaga til að hylja slóðina. Þegar eigendur misnota þannig aðstöðu sína í krafti eignarhalds eru stjórnendur banka að sniðganga hagsmuni bankans og þar með smærri hluthafa.

Vandamálið sem þarna er á ferðinni á milli stjórnenda og smærri hluthafa er eitt birtingarform vandamáls sem kallast umboðsvandi. Þegar misnotkun á sér stað er talað um umboðssvik. Umboðsvandi eru þau vandræði sem koma upp þegar einhver er ráðinn til að vinna verk, en hagsmunir þess aðila eru ekki endilega þeir sömu og þeirra sem réðu hann til verksins. Umboðsmaðurinn getur haft hvata af því að taka eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni umbjóðandans. Þessi vandi skapast meðal annars af því að umbjóðandinn hefur ekki fullkomnar upplýsingar um hvað umboðsmaðurinn gerir. Upplýsingarnar eru með öðrum orðum ósamhverfar (Gylfi Magnússon, 2002).

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (2010), kemur fram að stærstu eigendur allra stóru bankanna hafi fengið óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé hjá þeim banka sem þeir áttu, að því er virðist í krafti eignarhalds. Þá leiddi athugun nefndarinnar það í ljós að helstu eigendur bankanna voru í öllum tilfellum á meðal stærstu lántaka hans. Eigendur bankanna fengu einnig verulegar fyrirgreiðslur frá dótturfélögum bankanna sem ráku peningamarkaðssjóði. Rannsókn nefndarinnar á fjárfestingum sjóðanna, leiddi í ljós að þeir fjárfestu mikið í verðbréfum tengdum eigendum bankanna. (Skýrsla rannsóknarnefndar, 2010, 1.bindi, bls. 33). Þar er kominn upp umboðsvandi gagnvart sparifjáreigendum sem í góðri trú telja að sínir hagsmunir um hámarksávöxtun séu megin markmið sjóðanna.

Þá segir í skýrslunni að þegar þrengja fór að bönkunum síðla árs 2007 og á árinu 2008 hafi bankarnir lagt meira í það að styðja við eigendur sína en eðlilegt getur talist og „*Rekstur íslensku bankanna einkenndist um margt af því að hámarka hag stærri hluthafanna sem héldu um stjórnartauma bankanna fremur en að reka trausta banka með hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi og sýna tilhlýðilega ábyrgð gagnvart kröfuhöfum*“ (Skýrsla rannsóknarnefndar, 2010, 1. bindi, bls.33).

Við vanda vegna ósamhverfra upplýsinga er reynt að sporna við með kröfum um upplýsingaskyldu. Slíkar kröfur má finna í lögum og reglum um ársreikninga og í reikningsskilastöðlum. Hluti þeirra krafna sem upplýsingaskylduna varðar fjallar um tengsl aðila og viðskipti við tengda aðila.

Í þessari ritgerð er ætlunin að skoða kröfur sem gerðar eru til félaga um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í skýringum með ársreikningum. Byrjað verður á að fjallað um hvernig lög, reglugerðir og staðlar krefjast upplýsinga um tengda aðila. Þá verður litið á kröfur til endurskoðenda vegna upplýsinga um tengda aðila í skýringum með ársreikningum. Að lokum verður skoðað hvernig íslensk félög geta tengdra aðila í skýringum með ársreikningum.

Tveimur spurningum verður reynt að svara í ritgerðinni. Sú fyrri er hvort til staðar séu nægilega skýrar kröfur um upplýsingaskyldu varðandi tengda aðila, en sú síðari er hvort íslensk félög séu að uppfylla kröfurnar.

2 Almennt um tengda aðila í skýringum með ársreikningum

Ársreikningur skal innihalda skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn þjónar aðeins tilgangi sínum þegar hann er útbúinn í samræmi við vel skilgreinda reikningsskilastaðla (Félag löggiltra endurskoðanda, 2010). Skýringum er meðal annars ætlað að upplýsa lesanda ársreikningsins um atriði sem ekki er hægt að lesa úr tölum reikningsins.

Reglan um hinar fullkomnu skýringar, segir að þær taki á öllum upplýsingum, sem eru líklegar til að hafa áhrif á mat upplýsts notanda ársreikningsins (Kieso, Weygandt og Warfield, 2007).

Notendur ársreiknings eru fjölmargir, eins og til dæmis eigendur, stjórnendur, starfsmenn, viðskiptavinir, lánardrottnar, opinberar stofnanir, samkeppnisaðilar og mögulegir fjárfestar. Þessum aðilum er nauðsynlegt að hafa góðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um afkomu og fjárhag fyrirtækisins (Félag löggiltra endurskoðanda, 2010).

Hluti skýringa með ársreikningum fjallar um tengda aðila. Hverjir eru tengdir aðilar og hvaða viðskipti eiga sér stað á milli þeirra, eða jafnvel hvaða viðskipti eiga sér ekki stað, geta haft áhrif á mat á ársreikningi. Upplýsingar sem þessar eru því nauðsynlegar fyrir notendur ársreikninga og því eru gerðar kröfur um þær í lögum og reglum um ársreikninga.

Ein veigamestu rökin fyrir skýringum um viðskipti milli tengdra aðila eru þau að hætta er á að verðmæti slíkra viðskipta séu skekkt, þar sem ekki er notast við verð á opnum markaði. Við slíkar aðstæður geta aðrir hagsmunir en hagstæðasta verðið haft áhrif á viðskiptin. Verðið getur verið ákveðið einhliða af öðru félaginu í krafti yferráða yfir hinu. Slík viðskipti þar sem viðskiptakjör á milli tveggja tengdra félaga stjórnast af geðþóttaákvörðun stjórnenda rýra getu notenda ársreikningsins til að meta framtíðarhorfur félagsins. Þó svo að viðskipti milli tengdra aðila geti talist eðlilegur viðskiptagjörningur, er alltaf sú hætta til staðar að aðrir en beinir viðskiptahagsmunir félagsins skekki myndina. Til að tryggja gagnsæi er því krafa um skýringar vegna eðlis og umfangs viðskipta við tengda aðila (Epstein og Jermakowicz, 2007).

Alþjóðareikningsskilastaðall númer 24 fjallar um tengda aðila og hvaða upplýsingar skal birta. Þó að staðallinn hafi verið í gildi frá 1986 er það almennt viðurkennt að enn vanti upp á að kröfur um skýringar vegna viðskipta milli tengdra

aðila séu uppfylltar (Epstein og Jermakowicz, 2007). Ástæðan getur verið sú að stundum er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar eins og launakjör. Þó svo viðskipta við tengda aðila sé getið í skýringum eru þær sjaldnast í anda staðalsins og sérstaklega virðist mikil andstaða við að geta viðskipta eins og lána til stjórnenda og fjölskyldna þeirra (Epstein og Jermakowicz, 2007).

Stundum hentar félagi að beina viðskiptum sínum til samstarfsaðila eða dótturfélags. Það getur til dæmis tryggt aðgengi að hráefnum með því að kaupa þau af dótturfélagi, eða jafnvel kaupa hlut í birgjanum til að öðlast áhrif í stjórn. Þannig er félagið farið að hafa áhrif á birgja sem erfitt getur verið að henda reiður á, nema að skýringar fylgi ársreikningi (Epstein og Jermakowicz, 2007).

Viðskipti við tengda aðila geta haft áhrif á fjárhag og árangur félags meðal annars vegna eftirfarandi þátta:

- Tengdir aðilar eiga stundum í viðskiptum sem ótengdir aðilar sjá sér ekki hag í.
- Verð í viðskiptum milli tengdra aðila getur verið skekkt, vegna annarra hagsmuna.
- Tengsl við aðila geta haft áhrif á viðskipti félags við þriðja aðila, til dæmis vegna samkeppnissjónarmiða.
- Viðskipti hefðu ekki átt sér stað nema vegna tengsla. Til dæmis félag sem losar sig við birgðir til tengds aðila, þar sem ekki er nægur markaður fyrir vöruna.
- Tengsl milli aðila geta komið í veg fyrir viðskipti sem annars hefðu orðið. Slíkar upplýsingar geta skipt notendur ársreikningsins máli. Þar er átt við sem dæmi núverandi og mögulega birgja, viðskiptavini og starfsmenn (Epstein og Jermakowicz, 2007).

Dæmi sem þessi geta öll skekkt þá mynd sem ársreikningurinn gefur sé þeirra ekki getið í skýringum. Skýringarnar eru því notaðar til að gefa lesendum ársreikningsins betri mynd af þeim viðskiptum sem eiga sér stað við tengda aðila.

3 Lög og reglur um tengda aðila

Skýringar með ársreikningum eru óaðskiljanlegur hluti hans. Tilgangur skýringa er tvíþættur. Þeim er ætlað að skýra þær reglur sem beitt er við reikningsskilin eins og aðferðir við afskriftir eigna og verðmat birgða. Í annan stað er þeim ætlað að veita ítarlegri upplýsingar um liði í efnahags- eða rekstrarreikningi en unnt er í þeim sjálfum (Árni Vilhjálmsson og Stefán Svavarsson, 1990). Skýringar vegna tengdra aðila og viðskipta þeirra á milli tilheyra síðari flokknum. Hér á eftir verður fjallað um þau lög og reglur sem innihalda kröfur um skýringar með ársreikningum. Skoðuð verða lög um ársreikninga, alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, endurskoðunarstaðlar og reglur kauphallar.

3.1 Ársreikningalögin

Lög númer 3/2006 fjalla um ársreikninga. Í 3. grein laganna segir að stjórn og framkvæmdastjóri skuli undirrita ársreikninginn og að í undirrituninni felist að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á. Í 2. grein eru settar reikningsskilareglur skilgreindar sem reglur reikningsskilaráðs og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar. Nokkrar lykil skilgreiningar ársreikningalaganna (2006) eru eftirfarandi:

Félag er fyrirtæki sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt lögum þessum. Hlutdeildarfélag er félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga að minnsta kosti 20% eignarhlut í öðru félagi. Móðurfélag er félag sem á meiri hluta atkvæða í öðru félagi eða hefur á annan hátt meirihlutastjórn yfir því. Dótturfélag er félag sem er undir yfirráðum annars félags. Samstæða er móðurfélag og dótturfélög þess. Samstæðureikningur er reikningsskil þar sem ársreikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt.

Í V. kafla laganna er fjallað um skýringar með ársreikningum. Samkvæmt lögnum skal tilgreina eftirfarandi í skýringum:

- Dótturfélög ásamt hlutdeildarfélögum (48. gr.).
- Félag með ótakmarkaðri ábyrgð sem félagið er aðili að (49. gr.).
- Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu samstæðu (52. gr.).

- Vegna móður- og dótturfélaga skal tilgreina allar lífeyris-, ábyrgðar-, og tryggingarskuldbindingar, seld viðskiptabréf og aðrar fjárskuldbindingar sem eru ekki tilfærðar í efnahagsreikningi (52. gr.).
- Fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum, stjórnendum félags eða móðurfélags þess, vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála. Þessi skylda á einnig við gagnvart einstaklingum, nátengdum þeim sem þar eru taldir (53. gr.).
- Heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til núverandi og fyrrverandi stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess (59. gr.).
- Greina skal frá samningum sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun og tilgreina heildarskuldbindingar. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrri reikningsár (52. gr.).
- Félag sem er hluti samstæðu, skal tilgreina nafn móðurfélags síns og móðurfélag heildarsamstæðunnar ásamt því hvar samstæðureikningar erlendra móðurfélaga liggja frammi (62. gr.).
- Félag skal gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þ.m.t. á hverju tengslin við viðkomandi aðila byggjast. Með tengdum aðila er meðal annars átt við móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Sleppa má þessum upplýsingum við samstæðureikningsskil vegna viðskipta innan samstæðunnar (52. gr.).

Lögin gera ríkar kröfur um skýringar vegna ábyrgða sem félag getur hafa tekist á hendur. Einnig skal upplýsa um þóknanir og önnur hlunnindi til stjórnenda og starfsmanna. Upplýsa skal um dóttur- og hlutdeildarfélög og allar þær ábyrgðir sem geta verið til staðar vegna tengdra félaga. Einnig skal skýra frá viðskiptum við tengda aðila og eðli tengslanna. Skilgreining laganna á tengdum aðilum er heldur rýr eins og sjá má, en aðeins eru talin upp móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög.

3.2 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir öðluðust lagalegt gildi hér á landi með samþykkt reglugerðar nr. 181/2006. Með reglugerðinni eru innleidd ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002. Reglugerðin gildir fyrir öll

félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla. Reglugerðin tók gildi fyrir þau reikningsár sem hófust eftir 1. janúar 2005 og síðar (Deloitte, 2010).

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir (e. International Financial Reporting Standards eða IFRS) eru gefnir út af alþjóðlega reikningsskilaráðinu (e. International Accounting Standards Board eða IASB). Alþjóðlega reikningsskilaráðið var stofnsett árið 2001 en það tók við af IASC (International Accounting Standards Committee) sem var stofnað árið 1973. Ráðið hefur aðsetur í London og í því sitja 14 aðilar, en verður fjölgað í 16 í síðasta lagi í júlí 2012. IFRS eru staðlarnir sem gefnir eru út af IASB en IAS eru staðlarnir sem IASC gaf út en IASB hefur gert að sínum (Deloitte, 2010).

Íslenskum félögum sem hafa hlutabréf eða skuldabréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er skylt að gera samstæðureikningsskil í samræmi við IFRS. Félög sem ekki er skylt að semja samstæðureikning skulu gera sérgreind reikningsskil í samræmi við IFRS, að öðrum kosti er þeim það heimilt. Jafnframt skulu þessi félög gera árshlutareikningsskil fyrir fyrstu sex mánuði reikningsársins samkvæmt sömu reglum og gilda um ársreikningsskil. Dótturfélögum og öðrum félögum, innan samstæðu sem skráð er á verðbréfamarkaði, er heimilt að semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS. Félag sem ekki uppfyllir lengur skráningu á skipulögðum verðbréfamarkaði ber að semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS árið sem verðbréfin eru afskráð og í eitt ár þar á eftir. Félögum sem það kjósa er heimilt að semja samstæðureikningsskil og sérgreind reikningsskil sín í samræmi við IFRS. Félög sem kjósa að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS skulu gera það í fimm ár samfleytt hið minnsta (Deloitte, 2010).

Félög sem hvorki eru með skráð hlutabréf né skuldabréf á skipulögðum verðbréfamarkaði hafa séð sér hag í því að innleiða IFRS. Fyrir félög sem starfa á alþjóðlegum vettvangi getur ávinningurinn verið umtalsverður.

Með notkun á sömu reikningsskilareglum innan félagasamstæðu verða reikningsskilin samræmdari auk þess sem samanburður við reikningsskil annarra félaga verður auðveldari. Enn fremur getur aðgangur að erlendu fjármagni orðið greiðari þar sem þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er til staðar hjá erlendum lánastofnunum og fjárfestum (Deloitte, 2010).

3.3 IFRS nálgun á tengda aðila

IAS 1 fjallar um framsetningu ársreikninga. Í kafla um skýringar, kemur fram að þar skuli geta allra upplýsinga sem krafist er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Þar er átt við upplýsingar sem ekki er að finna í efnahags- eða rekstrarreikningi, ásamt öðrum upplýsingum sem skipta máli fyrir notendur til að skilja reikningsskilin (IAS 1, 2010).

Staðall IAS 24 fjallar um tengda aðila. Kröfur um upplýsingar um tengda aðila er einnig að finna í IAS 27 sem fjallar um samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil, ásamt IAS 28 um fjárfestingar í hlutdeildarfélögum.

3.3.1 IAS 24

IAS 24 fjallar um upplýsingar um tengda aðila. Staðallinn skilgreinir tengda aðila og lýsir hvernig geta skuli þeirra og viðskipta við þá í skýringum með ársreikningum.

Staðallinn tók fyrst gildi árið 1986, en hefur tvívegis verið endurútgefinn og tóku nýjar útgáfur gildi fyrir reikningsskil sem hófust eftir 1. janúar 2005 og aftur 1. janúar 2011 eða síðar. Helstu breytingar í nýjustu útgáfu staðalsins eru að skilgreiningar á tengdum aðilum eru einfaldaðar og kröfur um upplýsingaskyldu opinberra aðila eru minnkaðar með undanþágum. Þannig er ekki lengur skylda fyrir félög að tilgreina önnur félög sem þau tengjast aðeins á þann hátt að vera í eigu sama opinbera aðilans (Epstein og Jermakowicz, 2010).

Markmið staðalsins er að tryggja að reikningsskilin feli í sér allar nauðsynlegar upplýsingar svo hægt sé að meta möguleg áhrif tengdra aðila á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félags. Nota skal staðallinn við að skilgreina tengda aðila, viðskipti og kröfur þeirra á milli. Hann skal einnig nota til að ákveða hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í skýringum vegna þessara atriða (Deloitte, 2010).

Eftirfarandi skilgreiningar á tengdum aðilum má finna í 9. grein staðalsins:

- a) Einstaklingur eða náinn fjölskyldumeðlimur hans flokkast sem tengdur aðili uppgjörsfélags (e. reporting entity), ef hann:
 - i) Hefur full yfirráð yfir félaginu, beint eða vegna samvinnu.
 - ii) Hefur veruleg áhrif í félagi, eða
 - iii) er lykilstjórnandi félags, eða lykilstjórnandi móðurfélags þess.
- b) Félag flokkast sem tengdur aðili uppgjörsfélags, ef:
 - i) Félögin eru hluti af sömu samstæðu.

- ii) Annað félagið er hlutdeildarfélag eða samvinnuverkefni hins félagsins.
- iii) Bæði félög eru samvinnuverkefni þriðja aðila.
- iv) Annað félagið er samvinnuverkefni þriðja aðila en hitt félagið er hlutdeildarfélag þriðja aðilans.
- v) Félag er eftirlaunasjóður fyrir starfsmenn uppgjörsfélags eða félags sem er tengt uppgjörsfélaginu.
- vi) Félag er undir stjórn eða er samvinnuverkefni einstaklings í lið a.
- vii) Einstaklingur í lið a.i. hefur veruleg áhrif í félagi eða er lykilstjórnandi í því eða móðurfélagi félags (IAS 24, 2010, 9. gr.).

Staðallinn skilgreinir viðskipti á milli tengdra aðila sem flutning auðlinda, þjónustu, eða skuldbindinga milli tengdra aðila óháð því hvort verð sé greitt fyrir (Epstein og Jermakowicz, 2010).

Nátengdir fjölskyldumeðlimir einstaklings eru skilgreindir sem þeir fjölskyldumeðlimir sem mögulega hafa áhrif á eða verða fyrir áhrifum af einstaklingi, vegna ákvarðana fyrir félag. Eftirtaldir aðilar flokkast sem nátengdir fjölskyldumeðlimir:

- a) Börn og maki eða sambúðaraðili,
- b) börn maka eða sambúðaraðila og
- c) þeir sem eru háðir (e. dependants) einstaklingi, maka einstaklings eða sambúðaraðila (IAS 24, 2010, 9. gr.).

Í staðlinum eru þóknanir (e. compensation) skilgreindar sem allar greiðslur til starfsmanna, launagreiðslur, eftirlaunaréttindi, kaupréttir, tryggingar og fleira (IAS 24, 2010, 9. gr.). Staðallinn skilgreinir yfirráð (e. control) yfir félagi þegar aðili hefur völd til að ákvarða fjárhags- og rekstrarstefnur þess í þeim tilgangi að hagnast á því. Veruleg áhrif (e. significant influence) eru skilgreind sem aðstæður þegar aðili tekur þátt í að móta fjárhags- og rekstrarstefnu félags en ræður ekki þessum stefnum. Verulegum áhrifum er hægt að ná með eignarhlut, lögum eða samningum (IAS 24, 2010, 9. gr.).

Í 11. grein staðalsins eru taldar upp aðstæður þar sem félög teljast ekki tengdir aðilar samkvæmt skilgreiningu staðalsins. Þar má nefna tvö félög sem tengjast aðeins á þann hátt að hafa sama lykilstjórnanda, eða að lykilstjórnandi annars félagsins hefur veruleg áhrif í hinu félaginu. Tvö samvinnuverkefni eru ekki tengdir aðilar þó að þeim sé stjórnað af sama aðila. Þá flokkast lánveitendur, stéttarfélög og opinber

þjónustufyrirtæki ekki sem tengdir aðilar félags, nema annarskonar tengsl séu einnig til staðar (IAS 24, 2010, 11. gr.).

Greina skal frá tengslum félags við móður- og dótturfélög óháð því hvort viðskipti við þau hafi átt sér stað. Greina skal frá nafni móðurfélags og ef raunveruleg stjórn er á hendi annars aðila eða félags skal greina frá nafni þess líka (IAS 24, 2010, 13. gr.).

Félag skal greina frá þóknunum til lykilstjórnenda, samkvæmt eftirfarandi flokkun:

- a) Launagreiðslur og önnur skammtíma hlunnindi.
- b) Eftirlaunaréttindi.
- c) Önnur hlunnindi til langs tíma.
- d) Starfslokagreiðslur.
- e) Greiðslur vegna kaupréttasamninga (IAS 24, 2010, 17. gr.).

Ef viðskipti hafa átt sér stað við tengda aðila skal skýra frá eðli tengslanna, ásamt nauðsynlegum upplýsingum varðandi viðskiptin, þannig að notandi ársreiknings geti áttað sig á áhrifum viðskiptanna. Að lágmarki skulu skýringar innihalda:

- a) Verðmæti viðskiptanna.
- b) Útistandandi skuld eða inneign, að meðtöldum skuldbindingum og:
 - i) Skilmálum og tryggingum.
 - ii) Upplýsingar um veittar eða fengnar ábyrgðir.
- c) Fjárhæðir lagðar á afskriftareikning viðskiptakrafna.
- d) Afskrifaðar kröfur vegna viðskipta við tengda aðila (IAS 24, 2010, 18. gr.).

Viðskipti við tengda aðila skal flokka á eftirfarandi hátt:

- a) Móðurfélag.
- b) Félag sem eru samvinnuverkefni, eða félag hefur veruleg áhrif á rekstur.
- c) Dótturfélög.
- d) Hlutdeildarfélag.
- e) Samvinnuverkefni þar sem uppgjörsfélagið er verkefnið.
- f) Lykilstjórnendur félagsins eða móðurfélagsins.
- g) Aðrir tengdir aðilar (IAS 24, 2010, 19. gr.).

Í 21. grein eru nefnd dæmi um viðskipti tengdra aðila sem þurfa að koma fram í skýringum:

- Kaup og sala á vörum.
- Kaup og sala á fasteignum og öðrum eignum.
- Veitt eða móttækin þjónusta.
- Leiga.
- Ábyrgðir eða tryggingar.
- Skilyrtir samningar og fleira (IAS 24, 2010, 21. gr.).

Í staðlinum segir að aðeins megi gefa yfirlýsingu um að viðskiptin séu í samræmi við kjör á markaði eða að um armslengdar viðskipti sé að ræða, þegar hægt er að styðja þá fullyrðingu með einhverjum hætti (IAS 24, 2010, 23. gr.).

IAS 24 gerir ráð fyrir að draga megi saman upphæðir vegna sambærilegra viðskipta félagsins við tengda aðila. Þegar nauðsynlegt er að aðgreina slík viðskipti til að hægt sé að átta sig á áhrifum þeirra á efnahag og afkomu skal það gert (IAS 24, 2010, 24. gr.).

Staðallinn skilgreinir félag sem tengt opinberum aðila (e. a government related entity) þegar því er stjórnað af opinberum aðila, er samvinnuverkefni (e. jointly controlled) opinbers aðila eða að opinber aðili hefur veruleg áhrif í félaginu (IAS 24, 2010, 9e. gr.).

Félag er undanþegið kröfum um skýringar í 18. grein staðalsins um viðskipti tengdra aðila, útistandandi kröfur og skuldir, auk annarra skuldbindinga, þegar hinn aðilinn:

- a) Er opinber aðili sem hefur stjórn yfir, beint eða í samvinnu, eða hefur verulega áhrif yfir félagi, og
- b) annað félag flokkast sem tengdur aðili eingöngu þar sem það er undir stjórn, beint eða í samvinnu, eða hefur veruleg áhrif á stjórn sama opinbera aðilans (IAS 24, 2010, 25. gr.).

Noti félag sér undanþáguákvæðið í 25. grein skal það geta í skýringum:

- a) Nafns opinbera aðilans og eðli tengsla við hann.
- b) Eftirfarandi upplýsinga skal geta með þeim hætti að notendum ársreikningsins sé kleift að skilja áhrif viðskiptanna á ársreikninginn:
 - i) Eðli og upphæðir allra verulegra viðskipta.

- ii) Vegna samandreginna viðskipta skal meta og upplýsa um umfang þeirra (IAS 24, 2010, 26. gr.).

Í sumum löndum er lögbundin krafa um skýringar vegna viðskipta við tengda aðila ítarlegri en staðallinn krefst. Sér í lagi eru strangari kröfur um skýringar vegna viðskipta við stjórnendur vegna þess trúnaðarsambands (e. fiduciary) sem myndast við ráðningu (Epstein og Jermakowicz, 2010). Nefna má sem dæmi ítarlegri upplýsingaskylda vegna lána til tengdra aðila. Þá skal upplýsa um hæstu stöðu skuldar á reikningsárinu, í stað þess að gefa aðeins upp stöðu um áramót. Það er gert til að koma í veg fyrir að gefin sé röng mynd af umfangi viðskipta með því að lækka tölur með til dæmis skammtímalánum frá þriðja aðila yfir áramót (Epstein og Jermakowicz, 2010).

Það var einmitt vegna slíkrar uppgjörsaðferðar sem FitzPatrik stjórnarformaður Anglo Irish Bank varð að segja af sér í desember 2008, þegar upplýst var að í ársreikningi bankans var gefin fölsk mynd af raunverulegum útlánum til stjórnarformannsins. Hann hafði þá í átta ár tekið skammtímalán í öðrum banka yfir áramót til að fegra skuldastöðu sína í ársreikningi Anglo Irish Bank. Útlán til stjórnarformannsins í árslok 2007 samkvæmt ársreikningi voru 7 milljónir evra, þar sem 122 milljónir lánsins voru hular yfir áramótin með skammtímaláni frá þriðja aðila (Sunday Business Post, 2009).

IAS 24 gerir ekki kröfu um slíkar skýringar vegna stöðu lána til stjórnenda yfir reikningsskilaárið, aðeins er gerð krafa um stöðu um áramót. Þó er ekkert í staðlinum sem bannar slíkar skýringar og í raun er það í anda þess heiðarleika og gagnsæis sem staðallinn leggur áherslu á (Epstein og Jermakowicz, 2010).


Þóknanir til stjórnenda eru ein tegund viðskipta sem geta skal í skýringum. Misjafnt hefur verið á milli landa hvernig ber að fara með slíkar upplýsingar. Í sumum löndum er upplýsingaskylda um þóknanir til stjórnenda en í öðrum löndum eru slíkar upplýsingar trúnaðarmál. IAS 24 gerir kröfu um slíkar skýringar þar sem þær geta haft áhrif á ákvarðanatöku notenda ársreikningsins og slíkar þóknanir flokkast sem viðskipti tengdra aðila (Epstein og Jermakowicz, 2010).

3.3.2 Helstu breytingar á IAS 24


Eins og áður segir tók ný útgáfa staðalsins gildi fyrir reikningsskil sem hefjast þann 1. janúar 2011 eða síðar. Því er áhrifa breytinganna ekki farið að gæta að ráði í ársreikningum. Félag má þó taka upp nýju útgáfu staðalsins fyrr, að hluta eða öllu

leyti, sé þess getið í skýringum (IAS 24, 2010, 28. gr.). Megin breyting staðalsins, auk reglna um félög tengd opinberum aðilum, felst í skilgreiningum á tengdum aðilum. Tilkynningarskyldan er nú samhverf en var það ekki alltaf áður (PWC, e.d.). Reglan er nú að ef A þarf að tilgreina B sem tengdan aðila, þá þarf B einnig að tilgreina A sem tengdan aðila (PWC, e.d.).

Dæmi um þetta má sjá á eftirfarandi myndum 1 og 2, þar sem um er að ræða móðurfélag sem á dótturfélagið A og hlutdeildarfélagið B. Í eldri staðli þurfti hlutdeildarfélag B að geta A sem tengds aðila í ársreikningi, en dótturfélagið A þurfti ekki að geta um B. Í nýrri útgáfu er krafan samhverf og bæði A og B þurfa að geta hins félagsins sem tengds aðila.




Mynd 1. Ársreikningur félags A




Mynd 2. Ársreikningur félags B

Ný útgáfa IAS 24 gerir ekki greinarmun á því hvort fjárfestingarnar eru hjá félagi eða einstaklingi, sömu reglur gilda fyrir félögin um ársreikninga þeirra..

Þegar um er að ræða lykilstarfsmann í félagi sem hefur áhrif í öðru félagi er krafan um skýringar orðin samhverf. Eins og sjá má á myndum 3 og 4, þurfa bæði félög að geta hins sem tengds aðila. Undantekning er þegar lykilstarfsmaður hefur eingöngu veruleg áhrif í öðru félagi, en þá þarf ekki að geta tengsla (PWC, e.d.).




Mynd 3. Ársreikningur félags A




Mynd 4. Ársreikningur félags B

Áhrif fjárfestis í tveimur félögum gera þau í nýju útgáfu staðalsins að tengdum aðilum, nema þegar hann hefur aðeins veruleg áhrif í báðum félögum (PWC, e.d.).




Mynd 5. Ársreikningur félags A




Mynd 6. Ársreikningur félags B

Eins og áður hefur verið getið gera veruleg áhrif fjárfestis í tveimur félögum þau ekki að tengdum aðilum. Það á við um bæði gömlu og nýju útgáfu staðalsins eins og mynd 7 sýnir. Samkvæmt eldri útgáfu staðalsins dugðu veruleg áhrif tveggja náninna fjölskyldumeðlima í sitthvoru félaginu til að gera þau að tengdum aðilum. Í nýrri útgáfu staðalsins eru félögin ekki tengdir aðilar, eins og sýnt er á mynd 8 (PWC, e.d.).



Mynd 7. Ársreikningur félaga A og B



Mynd 8. Ársreikningur félaga A og B

3.4 Aðrir reikningskilastaðlar um tengda aðila

Í stöðlum IAS 1, 27, 28 og 31 er minnst á skýringar vegna tengdra aðila. Í IAS 1 er krafa um að félag upplýsi um nafn móðurfélags. Í IAS 27 og IAS 28 eru gerðar kröfur um skýringar vegna kaupa og sölu í hlutdeildarfélögum og eðlis tengsla við þau. Þar er krafist skýringa ef meirihlutaatkvæðavægi fylgir ekki meirihluta eign. Einnig skal upplýsa um alls kyns takmörk sem fylgja eignarhaldinu, hagnað eða tap við sölu þegar eignarhluti fer niður fyrir 50% auk annarra atriða (IAS 28, 2009, 37. gr.).

3.5 Reglur Kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi

Kauphöllin NASDAQ OMX Ísland hefur gefið út reglur fyrir útgefendur fjármálagjörninga. Reglurnar gera kröfu til skráðs félags um tilkynningaskyldu vegna viðskipta við nátengda aðila, sem fara ekki fram með venjulegum viðskiptahætti eins og það er orðað í reglunum. Tilkynna skal um slík viðskipti eins fljótt og unnt er eftir að slík viðskipti eru ákveðin.

Í reglunum eru nátengdir aðilar skilgreindir sem framkvæmdastjórar, stjórnarmenn og aðrir stjórnendur í móðurfélaginu eða helstu dótturfélögum þess sem hafa mikil áhrif við ákvarðanatökur varðandi fjármál eða starfsemi móðurfélagsins eða viðkomandi dótturfélags. Lögaðilar undir stjórn þessara aðila og hluthafar sem ráða yfir meiru en tíu prósentu hlut eða atkvæðisrétti í félaginu eru einnig taldir vera nátengdir aðilar.

4 Endurskoðun og tengdir aðilar

Í lögum númer 79/2008 um endurskoðendur segir að notast skuli við ISA endurskoðunarstaðla. ISA 550 fjallar um endurskoðun með tilliti til tengdra aðila. International Auditing and Assurance Standard Boards (IAASB) hefur greint frá að í mörgum af stærstu fjársvikamálum síðustu ára hafa tengdir aðilar komið við sögu. Því er það mat IAASB að nauðsynlegt sé að leggja áherslu á að meta tengsl aðila og áhrif tengslanna í ársreikningum. Mælst er til að það sé gert þrátt fyrir takmarkaðar kröfur eða jafnvel engar þar um (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Þessi nýi staðall gerir ráð fyrir að endurskoðendur greini sambönd á milli tengdra aðila og meti áhættu sem þeim fylgja og bregðist við henni. Staðallinn bendir á að þó að viðskipti milli tengdra aðila geti verið fullkomlega eðlileg, sé meiri hættu á verulegri skekkju í reikningsskilunum, en þegar um er að ræða viðskipti á milli ótengdra aðila. Dæmi séu um að myndað sé flókið net félaga sem stunda viðskipti sín á milli (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Þar sem tengdir aðilar eru að einhverju marki háðir hvor öðrum hefur regluverk í sumum tilfellum gert kröfu um skýringar á tengslum á milli félaga, þannig að notendur ársreikninga geti skilið eðli þeirra og möguleg áhrif á reikningsskilin. Jafnvel þó ekki sé krafa um slíkt er það samt skylda endurskoðenda að greina hvort viðskipti á milli tengdra aðila hafi átt sér stað og hver möguleg áhrif þeirra eru. Þá er nauðsynlegt að meta líkur á svikum, þar sem slíkt er auðveldara á milli tengdra aðila en ótengdra (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Kröfur ISA 550 eru ætlaðar til að aðstoða endurskoðendur að koma auga á og meta hættu á skekkju vegna viðskipta tengdra aðila, ásamt því að hanna ferli til að bregðast við greindri hættu. Markmið staðalsins er, óháð því hvort reglur krefjast skýringa vegna tengdra aðila og viðskipta þeirra, að endurskoðandinn átti sig á eðli tengsla milli aðila og viðskipta á milli þeirra. Því næst skal hann greina þá áhættuþætti sem myndast vegna tengslanna og meta hættu á verulegri sviksemi. Endurskoðandinn skal svo meta á grundvelli aflaðra gagna hvort reikningsskilin gefi góða mynd af þeim viðskiptum sem átt hafa sér stað. Auk þess, þar sem regluverkið gerir kröfur vegna tengdra aðila, skal endurskoðandinn meta hvort allir tengdir aðilar hafi verið greindir og þeirra sé getið í skýringum (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Staðallinn gerir kröfu um áhættumat vegna tengdra aðila í samræmi við ISA 315 og ISA 240, þannig að greina megi hættu á verulegri skekkju í reikningshaldi. Endurskoðunarteymið skal funda í samræmi við kröfur í ISA 250 og 315 og skal meðal annars ræða hættu á sviksemi. Endurskoðandinn skal leita svara hjá stjórnendum um hverjir séu tengdir aðilar og hvaða breytingar hafi átt sér stað frá fyrra tímabili, hvert eðli tengslanna sé og hvort einhver og þá hvaða viðskipti hafi átt sér stað við þessa aðila (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Við framgang endurskoðunarinnar skal endurskoðandinn hafa í huga við skoðun skjala hvort um fleiri tengda aðila sé að ræða en áður hafa verið greindir. Ef endurskoðandinn hefur greint færslur sem eru ekki hluti venjubundinnar starfsemi félags skal hann spyrjast fyrir um ástæður þeirra og hvort þær séu vegna tengdra aðila. Endurskoðandi skal deila með endurskoðunarteyminu þeim upplýsingum sem hann hefur greint vegna tengdra aðila. Uppgötvum endurskoðandi áður ótilgreindan tengdan aðila eða veruleg viðskipti við tengda aðila skal hann, þar sem regluverk gerir kröfu um upplýsingar um tengda aðila, biðja stórnendur að greina allar færslur á milli félagsins og hins nýgreinda tengda aðila. Einnig skal leita svara við því hvers vegna verkferli félagsins hafi ekki greint þennan tengda aðila. Þá skal endurmeta hættuna á því að fleiri tengdir aðilar, eða viðskipti við þá, hafi ekki verið greindir og meta þörf á frekari endurskoðun. Komi í ljós að stjórnendur hafi vísitandi leynt tengdum aðila skal meta áhrifin á endurskoðunina. Fyrir þau viðskipti sem eru utan venjubundinnar starfsemi félagsins, skal endurskoðandinn skoða samninga og meta tilgang viðskiptanna með tilliti til mögulegrar sviksemi og hvort þau hafi verið tilkynnt samkvæmt reglum. Fyrir þessi óvenjulegu viðskipti skal einnig afla gagna um hvort þau hafi verið samþykkt eftir venjubundnum leiðum innan félagsins. Sé þess getið í skýringum að viðskipti milli tengdra aðila hafi verið verðlögð eins og um armslengdarviðskipti hafi verið að ræða, skal afla gagna um að svo hafi verið (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

5 Samantekt um regluverkið

Eitt meginmarkmið réttarreglna um endurskoðun er að tryggja áreiðanleika ársreikninga. Fyrir hagsmunaaðila eins og hluthafa, viðskiptavini, kröfuhafa og hið opinbera er mikilvægt að ársreikningar félaga séu réttir (Stefán Már Stefánsson, 2003).

Saman mynda reglurnar sem farið hefur verið yfir í þessari ritgerð ítarlegar leiðbeiningar um skýringar um tengda aðila. Almennar reglur eins og reglur reikningsskilaráðs um fullnægjandi upplýsingar og góða endurskoðunarvenju eiga að girða fyrir mögulegar gloppur. Með þessu regluverki ásamt verklagi ISA 550 ætti engum að dyljast tilgangur skýringanna. Erfitt getur verið fyrir notendur ársreikningsins að átta sig á hvaða upplýsingar vantar og kostnaðarsamt eða jafnvel ómögulegt að afla gagna til að sannreyna að upplýsingarnar séu tæmandi og réttar. Því reynir á heiðarleika stjórnenda, ásamt heiðarleika og athygli endurskoðenda til að koma öllum nauðsynlegum upplýsingum til skila í skýringum með ársreikningum.

6 Ársreikningar íslenskra félaga

Í þessum hluta ritgerðarinnar er ætlunin að skoða ársreikninga íslenskra félaga og bera þá saman við kröfur Alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna um skýringar með ársreikningum. Ætlunin er að skoða kröfur um skýringar í fjórum liðum. Skýringar sem leitað er eftir eru þessar:

1. Upplýsingar um móður og dótturfélög, óháð viðskiptum við þau, í samræmi við IAS 24, 13. gr.
2. Upplýsingar um fjárfestingar og eignarhluti í hlutdeildarfélögum í samræmi við IAS 27 og 28.
3. Upplýsingar um greiðslur til lykilstjórnenda í samræmi við flokkun í 17. grein IAS 24.
4. Upplýsingar um viðskipti við tengda aðila í samræmi við 18. grein IAS 24, og flokkun viðskipta eftir eðli tengsla við félagið í samræmi við 19. grein IAS 24.

6.1 Arion banki ársreikningur 2010

Móðurfélagið Arion Banki, var stofnað þann 18. október 2008 og hefur heimilisfesti á Íslandi. Í árslok 2010 starfrækti bankinn 26 útibú, þjónustaði um 100.000 viðskiptavini, átti eignir að verðmæti 813 milljarða og eiginfjárlutfallið var 19%. Í skýringum kemur fram að bankinn geri uppgjör í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (Arion banki, 2011).

6.1.1 Móður og dótturfélög

Bankinn skilgreinir sem tengda aðila félagsins Kaupskil ehf., Kaupthing bank, hlutdeildarfélög, stjórn bankans, lykilstarfsmenn ásamt nánustu fjölskyldumeðlimum þeirra sem upp eru taldir (Arion banki, 2011, note 118). Bankinn birtir lista yfir dótturfélög og eignarhluta í þeim (Arion banki, 2011, note 121). Fram kemur í ársreikningnum að Kaupskil ehf. sé stærsti eigandi bankans með 87% eignarhlut, á móti 13% hlut ríkissjóðs. Með skilgreiningu á tengdum aðilum er uppfyllt 13. grein í IAS 24, sem krefst þess að taldir séu upp tengdir aðilar, óháð því hvort viðskipti hafi átt sér stað.

6.1.2 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samvinnuverkefnum

Bankinn skilgreinir hlutdeildarfélög sem félög sem bankinn hefur veruleg áhrif í, vanalega með á milli 20 og 50% atkvæðamagni (Arion banki, 2011, note 5.) Birtur er listi yfir eignarhluta bankans í hlutdeildarfélögum í skýringu númer 76 í ársreikningi

bankans. Í kjölfar samdráttar í efnahagslífinu hefur bankinn séð sér hag í að yfirtaka fyrirtæki frekar en að krefjast gjaldþrots. Talin eru upp 3 stærstu fyrirtækin sem tekin voru yfir á árinu 2010 með það í huga að endurselja þau síðar (Arion banki, 2011, note 36). Þá er talin eru upp þau fyrirtæki sem á árinu 2010 voru færð úr flokki dótturfyrirtækja yfir í eignir til sölu, og þau sem seld voru á árinu (Arion banki, 2011, note 37 og 39).

6.1.3 Greiðslur til lykilstjórnenda

Greiðslur til lykilstjórnenda eru listaðar í skýringu nr. 56 með ársreikningnum. Bankinn gefur upp laun 13 nafngreindra stjórnenda og dregur saman greiðslur til 5 annarra stjórnenda. Launin eru borin saman við greiðslur ársins á undan. Uppgefnar tölur eru samtala allra launagreiðslna og þóknana. Tekið er fram að allar greiðslur til lykilstjórnendanna séu flokkaðar sem skammtímaþóknanir (e. short term employee benefits). Bankinn hefur gert samning við alla starfsmenn um lífeyrisgreiðslur (Arion banki, 2011, note 31). Birtar eru heildar lífeyrisgreiðslur til starfsmanna í skýringu númer 55. Samkvæmt IAS 24 skal upplýsa sérstaklega um allar launagreiðslur og réttindi til skemmri tíma og gerir bankinn það. Þá skal gefa upp lífeyrisgreiðslur til lykilstjórnenda, en það er ekki gert sérstaklega. Ekki er að sjá í ársreikningnum að greiddar hafi verið starfslokagreiðslur til lykilstjórnenda eða þeim veittir kaupréttir (e. share-based payment). Kröfur um skýringar vegna þóknana til lykilstjórnenda eru að mestu uppfylltar þó svo að flokkun sé ekki eins nákvæm og staðallinn fer fram á.

6.1.4 Viðskipti við tengda aðila

Bankinn hefur lánað tengdum aðilum fjármagn. Þá gefur bankinn yfirlýsingu um að engin óhefðbundin viðskipti hafi átt sér stað við tengda aðila. Þá lýsir bankinn því yfir að viðskipti við tengda aðila hafi verið samkvæmt armslengdar viðskiptum. Bankinn hefur ekki veitt neinar ábyrgðir umfram þær sem lýst er annarstaðar í reikningnum og fjalla um uppgjör vegna yfirtöku lána frá Kaupthing hf. Skuldir og inneignir tengdra aðila hjá bankanum eru listaðar upp ásamt nettó stöðu í lok reikningsársins. Aðilar eru flokkaðir í þrjá flokka, hluthafa með veruleg áhrif, stjórn og lykilstjórnendur, og að lokum aðra tengda aðila og hlutdeildarfélag. Vaxtatekjur og vaxtagjöld sömu aðila eru listaðar, ásamt þóknanatekjum og gjöldum. Staða ársins er borin saman við árið á undan (IAS 24, 2010, note 118).

Samkvæmt 19. grein IAS 24 skal vegna viðskipta við tengda aðila aðgreina upphæðir vegna viðskiptanna eftir skilgreindri flokkun sem er mun ítarlegri en í

ársreikningnum. Þar er gerð krafa um að hlutdeildarfélag séu aðgreind frá öðrum tengdum aðilum.

6.2 Marel hf. ársreikningur 2010

Marel hf. er iðnfyrirtæki í framleiðslu, þróun, dreifingu og sölu á lausnum fyrir alla helstu hópa matvælaíðnaðarins. Fyrirtækið er skráð á íslenska NASDAQ OMX Nordic Exchange á Íslandi.

Því er lýst yfir í skýringum að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið innleiddir í Evrópusambandinu auk þess að vera í samræmi við íslensk lög um ársreikninga og reglur íslensku kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga.

6.2.1 Móður og dótturfélög

Marel hf. er móðurfélag samsteypu. Stærstu eigendur Marels eru Eyrir Invest með tæplega 32% eignarhlut og Horn fjárfestingarfélag ehf. með tæpan 14% eignarhlut (Marel, 2011, bls 44). Aðrir hluthafar eiga minna en 10% hver. Dótturfélög eru talin upp í skýringum, en þau eru yfir 20 talsins og öll í fullri eigu Marel hf. (Marel, 2011, note 32).

6.2.2 Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og samvinnuverkefnum

Fjárfesting Marels á árinu í hlutdeildarfélagum umfram afskriftir er birt í skýringum (Marel, 2011, note 13). Engar færslur er að finna vegna samvinnuverkefna.

6.2.3 Greiðslur til lykilstjórnenda

Í skýringum er að finna upplýsingar um greiðslur til stjórnar og lykilstjórnenda. Greiðslur eru flokkaðar í laun, lífeyrisgreiðslur og kauprétti. Í skýringum er ítarlega fjallað um kauprétti og lífeyrisréttindi starfsmanna ásamt réttindum starfsfólks til hlutdeildar í hagnaði og bónusgreiðslna. Tíundaðar eru skuldbindingar og eignir vegna lífeyrisréttinda starfsmanna (Marel, 2011, note 28). Með þessum færslum er Marel að uppfylla vel kröfur 17. greinar IAS 24, um skýringar vegna greiðslna til lykilstjórnenda.

6.2.4 Viðskipti við tengda aðila

Undir liðnum tengdir aðilar er tekið fram að við lok reikningsársins séu engin útistandandi lán til stjórnenda (Marel, 2011, note 28). Þar kemur fram að á árinu hafi verið gert samkomulag um hlutabréfaviðskipti (e. share purchase agreement) við

tengdan aðila, Scanvaegt Nordic. Þá er upplýst að gerður hafi verið fjármögnunarsamningur upp á 6,9 milljónir evra, við NBI hf., móðurfyrirtæki Horns fjárfestingafélags ehf., sem er stór hluthafi í Marel hf. (Marel, 2011, note 28).

6.3 Kaupþing banki 2007

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að lykilstjórnendum Kaupþings banka voru veitt lán til hlutabréfakaupa í bankanum sjálfum með 10% sjálfskuldarábyrgð. Fram kemur í skýrslunni að Kaupþing hafi ekki gripið til veðkalla á árinu 2007 þegar bréfin tóku að lækka og virði veða fór niður fyrir viðmiðunarmörk (Skýrsla rannsóknarnefndar, 2010, 3. bindi, bls. 86). Því er áhugavert að skoða hvaða athugasemdir koma fram vegna þessara lána en ekki er ætlunin að rýna ársreikninginn með sama hætti og gert er með ársreikningana hér á undan.

Fram kemur í ársreikningi Kaupþings banka árið 2007 að skilmálar og kjör lána til stjórnar og lykilstjórnenda séu sambærilegir við þau sem aðrir viðskiptavinir bankans njóta. Í skilmálum lánanna var kveðið á um að til veðkalla vegna öflunar frekari trygginga kæmi ef virði veða færi niður fyrir 90% af höfuðstól lána að teknu tilliti til vaxta. Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar knúði bankinn ekki fram veðköll þegar bréfin tóku að lækka árið 2007 og veð fóru niður fyrir tilskilin mörk þar sem stjórnendur leituðu að annarri lausn.

Í bréfi sem stjórnarformaður bankans sendi vinum og vandamönnum, skrifað í London 26. janúar 2009, kemur fram að bankinn hafi fullvissað starfsmenn um að „þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að gengið yrði að skuldinni á þá persónulega.“ (Skýrsla rannsóknarnefndar, 2010, 3. bindi, bls. 86). Í lögum um ársreikninga segir að greina skuli frá fjárhæðum lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála (Lög um ársreikninga, 2006, 53. gr.).

Af framangreindu er ljóst að fullyrðing um að skilmálar og kjör á lánnum til lykilstjórnenda voru vart með sama hætti og kjör annarra viðskiptavina, sem bankinn gerði veðköll hjá.

7 Niðurstöður

Fjallað hefur verið um helstu lög, reglur og staðla sem snúa að tengdum aðilum. Farið hefur verið yfir hvaða kröfur eru til staðar um upplýsingar í skýringum með ársreikningum um tengda aðila og viðskipti þeirra á milli. Lög um ársreikninga leggja grunninn að regluverkinu, en skilgreining þeirra á tengdum aðilum er ekki mjög ítarleg. Reglur kauphallar gera kröfu um tilkynningarskyldu svo fljótt sem unnt er, vegna viðskipta við nátengda aðila sem fara ekki fram með venjulegum viðskiptahætti. Reglurnar skilgreina stjórnendur og hluthafa með meira en 10 prósentu hlut eða atkvæðisrétt í félagi sem nátengda aðila.

Fyrirtæki sem gera upp eftir alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum ber að fylgja IAS staðli númer 24 sem fjallar um upplýsingar um tengda aðila. Þar eru leiðbeiningar og skilgreiningar mun ítarlegri og ætti ekki að vefjast fyrir neinum hver tilgangur og andi reglnanna er.

Endurskoðunarstaðallinn IAS 550 fjallar um endurskoðun. Í staðlinum eru leiðbeiningar fyrir endurskoðendum um hvernig leita skuli að vísbendingum um óupplýst viðskipti við tengda aðila og mögulega sviksemi því tengdu. Þá eru leiðbeiningar um viðbrögð þegar áður óupplýst viðskipti eða tengsl aðila koma í ljós og áhrif þess á endurskoðunina.

Endurskoðendum ber samkvæmt lögum um ársreikninga að endurskoða ársreikninginn í samræmi við góða endurskoðunarvenju (Lög um ársreikninga, 2006, 102. gr.). Góð endurskoðunarvenja er ekki skilgreind í íslenskum lögum en litið er svo á að hún skírskoti til útgefna reglna Félags löggiltra endurskoðenda, alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og endurskoðunarstaðla alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (Ríkisendurskoðun, 2011). Þar má horfa til reglna eins og reglu Reikningsskilaráðs um fullnægjandi upplýsingar, en hún segir að semjandi reikningsskila skuli miðla þeim upplýsingum sem haft geta áhrif á ákvarðanir lesenda reikningsskila (Reikningsskilaráð, 1994, RR1, 4.4. gr.). Reglan er þannig ákveðinn varnagli við öðrum reglum um gerð reikningsskila, það er að svo miklu leyti sem þeim tekst ekki að miðla nauðsynlegum upplýsingum til lesenda reikningsskila, skal úr því bætt á grundvelli þessarar almennu reglu (Reikningsskilaráð, 1994, RR1, 4.4. gr.).

Skoðaðar voru skýringar með ársreikningum íslenskra félaga. Kröfur um skýringar voru uppfylltar að mestu leyti.

Fyrri rannsóknarspurningu ritgerðarinnar um hvort nægilega skýrar kröfur séu til staðar um upplýsingaskyldu um tengda aðila er svarað játandi. Seint verður hægt að setja þær reglur sem taka á öllum aðstæðum og því verður að treysta á almennari reglur eins og reglur um góða endurskoðunarvenju.

Síðari rannsóknarspurningin var hvort íslensk félög séu að uppfylla kröfur um skýringar um tengda aðila. Þeir ársreikningar sem skoðaðir voru benda til þess að kröfur um skýringar um tengda aðila séu uppfylltar að mestu leyti ef frá er talinn sá þáttur sem skoðaður var í ársreikningi Kaupþings 2007.

8 Heimildaskrá

- Arion Banki. (2010). *Consolidated financial statements for the year 2010*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.arionbanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=23025>
- Árni Vilhjálmsson og Stefán Svavarsson. (1990). *Hvernig lesa á ársreikninga fyrirtækja*. Reykjavík: Fróði hf.
- Deloitte. (2010). *IFRS Alþjóðlegir reikningskilastaðlar 2010*. Sótt 16. mars 2011 af <http://www.deloitte.com/assets/Dcom-Iceland/Local%20Assets/Documents/2010%20IFRS%20in%20your%20pocket.pdf>
- Epstein B.J. og Jermakowicz E. K. (2007). *IFRS 2007 Interpretation and Application of International Financial Reporting Standards*. New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Epstein B.J. og Jermakowicz E. K. (2010). *IFRS 2010 Interpretation and Application of International Financial Reporting Standards*. New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2010). *Endurskoðandinn*. Sótt 26. mars 2011 af http://www.fle.is/file/upload/files/faglegt_efni/lokaeintak_f._vefinn_&_til_dreifing_dr.pdf
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2011). *Tengdir aðilar*. Sótt 26. mars 2011 af http://www.fle.is/file/upload/files/innri_vefur/faglegt_efni/fraedslumal/namskeid/john_rafn_ragnarsson_-_glaerur_morgunkorn.pdf
- Gylfi Magnússon. (2002). *Eignastýring*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.
- IAS 1. *International Accounting Standard 24 - Presentation of Financial Statements*. IASB. (2010). Sótt 18. mars 2011 af http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/docs/consolidated/ias1_en.pdf
- IAS 24. *International Accounting Standard 24 - Related Party Disclosures*. IASB. (2010). Sótt 18. mars 2011 af http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/docs/consolidated/ias24_en.pdf
- IAS 27. *International Accounting Standard 27 - Consolidated and Separate Financial Statements*. IASB. (2010). Sótt 18. mars 2011 af http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/docs/consolidated/ias27_en.pdf
- IAS 28. *International Accounting Standard 24 - Investments in Associates*. IASB. (2010). Sótt 18. mars 2011 af http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/docs/consolidated/ias28_en.pdf
- Kieso D.E., Weygandt J.J. og Warfield T.D. (2007). *Intermediate Accounting* (12. útgáfa). USA: John Wiley & Sons, Inc.

Lög um ársreikninga nr. 3/2006

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008

Marel. (2011). *Annual report 2010*. Sótt 12. mars 2011 af
<http://www.marel.com/resources/Files/ir/2011/Marel---Annual-Report-2010.pdf>

NASDAQ OMX ICELAND HF. (2009). *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga*.
Sótt 28. mars 2011 af
<http://www.nasdaqomx.com/listingcenter/nordicmarket/rulesandregulations/>

PWC. (e.d.). *IAS 24 – Kennsluglærur*. Óútgefið efni.

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008*, (1.bindi) Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar). Reykjavík: Höfundur.

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008*, (3.bindi) Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar). Reykjavík: Höfundur.

Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla nr. 1132/2007

Reikningsskilaráð. (1994). *Grundvöllur reikningsskila*. Sótt 12. mars 2011 af
http://www.fle.is/fle/upload/files/faglegt_efni/rr_1_grundvollur_reikningsskila.pdf

Ríkisendurskoðun. (2010). *Um okkur-Orðasafn*. Sótt 16. apríl 2011 af
<http://www.rikisendurskodun.is/um-okkur/ordasafn/>

Stefán Már Stefánsson. (2003). *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*.
Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sunday Business Post. (2009). *Looking for full disclosure*. Sótt 12. mars 2011 af
<http://proquest.umi.com/pqdlink?index=70&did=2214424801&SrchMode=3&sid=1&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1304005138&clientId=58117&aid=5>